

Nd.

1017. Nefndarálit

[359. mál]

um frv. til 1. um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Með því frv., sem hér er til umfjöllunar og stjórnarflokkarnir ætla nú að gera að lögum, innsigla þeir uppgjöf sína í skipulagi bankamála á Íslandi.

Á annað ár hefur Útvegsbankinn ekki uppfyllt ákvæði laga um eiginfjárstöðu. Allan þennan tíma, og þrátt fyrir lagaákvæði um skyldur ráðherra til að grípa í taumana, lét viðskiptaráðherra málið danka og hafðist ekki að. Afleiðingarnar voru vaxandi óvissa. Beið Útvegsbankinn af þessu skaða og íslenskt bankakerfi varð fyrir verulegum álitshnekki bæði innanlands og utan.

Digurbarkalegar yfirlýsingar formanns Sjálfstæðisflokksins um að ekki skyldi fara króna úr ríkissjóði til þess að rétta hlut Útvegsbankans eru nú að engu orðnar. Þetta frumvarp felur nefnilega í sér að 1000 milljónum verði varið í endurreisn bankans, þar af 800 milljónum úr ríkissjóði og 200 milljónum úr sjóðakerfinu. Lengra er varla hægt að ganga í því að lýsa eigin orð ómerk.

Verst er þó að með samþykkt þessa frv. hefur glatast tækifæri til þess að endurskipuleggja bankakerfið. Umræða undanfarinna ára og áratuga hefur þó leitt í ljós annars vegar nauðsyn endurskipulagningarinnar og víðtækan pólitískan vilja til þess. Ríkisstjórnin bar hins vegar ekki gæfu til þess að nýta tækifærið nú. Þegar á hólminn var komið brast hana bæði þor og vilja. Því sitjum við uppi með óbreytt bankakerfi að samþykktu þessu frv. og það meira að segja svo að þrátt fyrir hlutafjárstofnun um bankann er ríkinu ætlað að veita honum alla vernd, réttindi og ábyrgð sem ríkisbanka áfram næstu tvö árin.

Ábyrgð Sjálfstæðisflokksins er mikil í þessu máli. Engum dylst ábyrgð ráðamanna í Sjálfstæðisflokknunum í Hafskipsmálinu sem er frumorsökin að ógöngum Útvegsbankans. Sjálfstæðisflokkurinn kvað líka afdráttarlaust upp úr um það að hann setti endurskipulagningu bankakerfisins á oddinn, en hefur nú runnið frá öllu saman.

Alþýðuflokkurinn ályktaði um skipulag bankamála og málefni Útvegsbankans í des. s.l. Þar var gerð tillaga um víðtæka endurskipulagningu sem hefði bætt og styrkt rekstur bankakerfisins til frambúðar. Alþýðuflokkurinn ítrekar tillögur sínar við þetta tækifæri og mælir því gegn samþykkt á því frumvarpi ríkisstjórnarinnar um málefni Útvegsbankans sem hér er til afgreiðslu.

Alþingi, 17. mars 1987.

Kjartan Jóhannsson,
fundaskr.